

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 12. maí 2020
UST202003-203/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar á geymi nr 1 (680.01.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Þórshöfn

Umhverfisstofnun barst þann 30. apríl sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Þórshöfn. Geymirinn er nr. T2009, / nr. 1 (680.01.00) í birgðastöðinni á Þórshöfn. Geymirinn er 60 rúmmetrar, frá árinu 2005 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins á Þórshöfn

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. í febrúar 2020. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. Geymir er í mjög góðu ásigkomulagi, bæði að innan og utanverðu. Á fyrri tíð geymis hefur hann tærst töluvert að utanverðu en allt slíkt hefur verið stöðvað með sandblæstri og málningu. Ástand málningar að utanverðu er mjög gott og málning virðist nýleg.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

G. Stella Arnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra